

7. febrúar 2011

Efnahags- og skattanefnd Alþingis

*Umsögn Krabbameinsfélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (sjúkdómatryggingar).
Eskj. 353 – 300. mál.*


Þegar sjúkdómatryggingar voru fyrst boðnar til sölu hér á landi haustið 1995 var sagt að bætur yrðu greiddar út í einu lagi og að þær væru undanþegnar tekjuskatti. Þetta var ein af forsendum þess að á fimmta tug þúsunda Íslendinga tók slíka tryggingu. Mun skattfrelsið hafa verið byggt á því að í lögum um váttryggingarsamninga eru sjúkdómatryggingar taldar með líftryggingum, sem eru skattfrjálsar, og í báðum tilvikum er um að ræða eingreiðslur. Bætur úr sjúkdómatryggingum eru skattfrjálsar í nálægum löndum svo sem Noregi, Danmörku, Svíþjóð og Bretlandi.

Ákvörðun skattayfirvalda um að breyta skattaframkvæmdinni þannig að bæturnar yrðu skattskyldar kom verulega á óvart. Krabbameinsfélag Íslands hefur ítrekað vakið athygli stjórnvalda á þeirri mismunun sem þetta felur í sér.

Margir einstaklingar, sem fengið hafa greiddar bætur sjúkdómatrygginga hafa haft samband við félagið og lýst þungum áhyggjum vegna þessarar óvæntu skattlagningar. Mörgum finnst þeir miklu órétti beittir. Félagið hefur því hvatt til þess að skattalögum verði breytt til að tryggja skattfrelsið áfram. Félagið lýsir því eindregnum stuðningi við áður nefnt frumvarp um skattfrelsi sjúkdómatrygginga sem teknar voru fyrir 1. desember 2010 en beinir því jafnframt til Alþingis að sama gildi um sjúkdómatryggingar sem teknar eru eftir þann tíma. Síðustu sextán ár hefur ríkissjóður ekki haft skatttekjur af bótum úr sjúkdómatryggingum og við fullyrðum að ef sama gildi áfram yrði það til mikilla hagsbóta fyrir þá sem eru að berjast við krabbamein og aðra alvarlega sjúkdóma og eiga fullt í fangi með að takast á við erfiða meðferð þó að óþarfa fjárhagsáhyggjur komi ekki til viðbótar.

Krabbameinsfélag Íslands treystir því að frumvarpið verði samþykkt áður en einstaklingar fara að telja fram til skatts í vor og ítrekar óskir um að skattfrelsið gildi áfram.

Með vinsemd,


Ragnheiður Haraldsdóttir,
forstjóri Krabbameinsfélags Íslands.